

Muggur útgerð ehf.
Ólafsbraut 66
355 Ólafsvík

Reykjavík 26. mars 2018
UST201801-278/G.G.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - matarvagn í þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Víðis Haraldssonar fyrir hönd Muggs útgerðar EHF, dags 24. janúar 2018, vegna umsóknar um leyfi fyrir atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Sótt er um leyfi til að staðsetja matarvagn innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Hugmyndir um nánari staðsetningu vagnsins eru á Malarrifi, við Djúpalón og í Skarðsvík.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 og um hann gilda ákvæði 47. og 82. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 auk ákvæða reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir hvers konar atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum.

Lýsing framkvæmdar:

Sótt er um leyfi til að staðsetja matarvagn innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Hugmyndir um nánari staðsetningu eru á Malarrifi, við Djúpalón og í Skarðsvík.

Áhrifamat:

Djúpalónssandur er einn af vinsælustu og fjölsóttustu stöðum þjóðgarðsins og anna hvorki bílastæði né salerni á svæðinu þeim fjölda sem þangað sækir á sumrin. Aðstæður eru þannig í dag að vagninn yrði annað hvort staðsettur utan vegar, á göngupalli eða bílastæðinu sjálfu.

Skarðsvík er einnig fjölsóttur staður. Aðstæður þar eru sambærilegar við þær á Djúpalónssandi fyrir utan það að engin salerni eru fyrir almenning í Skarðsvík.

Á Malarrifi var gestastofa þjóðgarðsins Snæfellsjökuls opnuð fyrir tæpum tveimur árum. Þar er sýning, upplýsingaveita og salerni fyrir almenning. Bílastæði eru takmörkuð.

Í umsókninni kemur ekki fram hvernig þörf fyrir rafmagn og vatn yrði fullnægt á viðomandi stöðum.

Í verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul segir að tryggja þurfi að aðstaða á fjölförnum stöðum sé þannig úr garði gerð að fjöldi ferðamanna skerði ekki upplifun annarra til að mynda vegna þrengsla á stígum eða bílastæðum o.s.frv. Mikilvægt er að þeir sem koma til þess að njóta náttúrunnar eða friðsældar fái notið hennar án of mikillar truflunar frá öðrum gestum þjóðgarðsins og að sú starfsemi sem leyfð er í þjóðgarðinum skerði hvorki verndargildi hans né ímynd. Gera þarf ráðstafanir svo að ekki verði reynt á þölmörk þjóðgarðsins.

Umhverfisstofnun telur ljóst að innviðir á þeim stöðum þar sem óskað er eftir leyfi til að setja upp umræddan matarvagn beri ekki það viðbótarálag sem matarvagninn hefði í för með sér. Áður hefur verið sótt um leyfi fyrir sambærilegri starfsemi og hefur þeim verið synjað á ofangreindum forsendum.

Samkvæmt framansögðu telur Umhverfisstofnun að fyrirhuguð starfsemi samræmist ekki markmiðum þjóðgarðsins og telur að matarsala á fjölsóttum stöðum innan hans sé til þess fallin að auka álag á svæðinu.


Niðurstaða

Með vísan til þess sem að framan segir er beiðni um að staðsetja matarvagn á Malarrífi, við Djúpálónssandi eða Skarðsvík, synjað.

Virðingarfyllst,



Jón Björnsson
þjóðgarðsvörður



Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri